

Mál nr. 413/2017**M****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitandans A.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður í póstdreifingu rann til í hálfu og fótbrotnaði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi 9. desember 2015 vann M við póstútburð fyrir A á Digranesvegi í Kópavogi. Rann hún þá til í hálfu og fótbrotnaði. Kveður M að yfirmaður hennar hjá A hafi ekki orðið við beiðni hennar um að fá viðunandi skó til að ganga í við aðstæður eins og þarna voru. Þannig hafi af hálfu A ekki verið gætt að fyllsta öryggis M við störf hennar. Með því hafi A brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og beri því ábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut í slysinu. Hefur hún krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá A mun M hafa haft samband við yfirmann sinn og beðið um fé til kaupa á skóm. Ekki var orðið við beiðni M þar sem hún hafi ekki verið fastráðin, en samkvæmt kjarasamningi sem tók til starfa hennar hjá A eiga fastráðnir bréfberar, sem ekki fá öryggisskó, rétt á skófatnaði að tiltekinni fjárhæð. Hafi yfirmaðurinn þá sagt henni frá mannbroddum, sem eru tiltækir í kassa við útgönguleið á vinnustöðum A eins og á dreifingarstöð þeirri sem M vann á. Minnti yfirmanninn að M hafi svarað því til að hún væri með mannbrodna.

Eins og gögn málsins liggja fyrir þykir mega slá föstu að M hafi átt kost á að fá mannbrodna við störf sín hjá A. Með slíkum búnaði átti öryggi að vera tryggt svo sem kostur er við göngu á hálum svæðum. Verður því ekki talið að slys M megi rekja til þess að ekki hafi verið gætt að fyllsta öryggi M við störf hennar hjá A eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.